

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

í grunnskólum Hafnarfjarðar

skólaárið 2014-2015





SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2014-2015 Að verða betri í dag en í gær

Haustið 2014 var Litla upplestrarkeppnin sett formlega á degi íslenskrar tungu í fimmta sinn í Hafnarfirði. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er ánægjulegt að segja frá því að um 60 grunnskólar á landinu tóku þátt í verkefninu í vetur og stöðugt bætast fleiri við.


Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin og ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Ávallt er lögð áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Skýrsla þessi hefur að geyma öll bréf sem send voru til kennara, form á hátíðunum, dagskrá hátíðanna, lesefnið og að lokum er samantekt úr öllum skýrslum kennara úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Það er alltaf ánægjulegt og lærdómsríkt að lesa greinargerðir kennara og greinilegt að kennarar telja að verkefnið styðji við það sem þeir eru að gera. Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem styrkur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sannri segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Haldnar voru 16 lokahátíðir í skólunum og voru þær vel sóttar og öllum til mikils sóma. Litla upplestrarkeppnin hefur náð að festa sig í sessi í grunnskólum Hafnarfjarðar og fleiri og fleiri byggðarlög bætast við árlega.

Það er mikilvægt að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta keppt að betri árangri og að geta sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Hafnarfirði á haustdögum 2015.


skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2014-2015

Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði

Á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar árið 2010 kom fram sú hugmynd að efna til nýs átaks í upplestri og munnlegri tjáningu í grunnskólum Hafnarfjarðar. Að höfðu samráði við alla kennara í fjórða bekk varð niðurstaðan sú að þróa verkefni sem byggði á sömu markmiðum og Stóra upplestrarkeppnin en sníða verkefnið að aldri og þroska nemenda í fjórða bekk. Verkefnið hlaut nafnið **Litla upplestrarkeppnin** og er markmiðið að auka lestrarfærni og bæta upplestur og er rétt að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær. Litla upplestrarkeppnin fer nú af stað í fimmta sinn og er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur gengið sérlega vel og hefur greinilega fest sig í sessi og á hverju ári bætast fleiri bæjarfélög í hópinn og er vaxandi áhugi.

Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

Einkunnarorðin eru: VANDVIRKNI - ÁNÆGJA - VIRÐING

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar hefur umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk
Skólaárið 2014-2015

Lokahátíð í apríl 2015

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, í fallegum röðum, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum.


Skáld keppninnar eru: Kristján Hreinsson Vilborg Dagbjartsdóttir,
Endursögn úr norsku (Gyða Ragnarsdóttir) Kristín S. Björnsdóttir (úr bókinni Sóley), Þórarinn Eldjárn, Stefán Jónsson og þula og þjóðkvæði.

Dagskrá

Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði/viðkomandi bæjarfélagi og svo í haust og hver markmiðin eru. Ef skólastjóri byrjar þá býður hann kynni að taka við og stýra hátíðinni. Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast.

1. Tónlistaratriði
2. Nú haustar að (Vilborg Dagbjartsdóttir)
3. Þula um tunglið, Bokki sat í brunni.
4. Sagan um kartöfluna (Kristín S. Björnsdóttir)
5. Gestalesari úr 7. bekk, (tillaga) fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars, t.d. lesið ljóð sem nemandinn flutti á lokahátíðinni.
6. Tónlistaratriði
7. Nokkrar þjóðvísur
8. Sagan af andamömmu og krókódílsegginu (Þýðing)
9. Sköpunarsagan, (Stefán Jónsson.)
10. Ljóðið KURTEISI eða GLAÐLYNDI (Kristján Hreinsson)

Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2014 - 2015.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

Ingibjörg Einarisdóttir



SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Nú haustar að (Vilborg Dagbjartsdóttir)

Einhverja nóttina koma skógarprestirnir
að tína reyniber af trjánnum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.

Þula um tunglið (skiptingin er einungis tillaga)

Lesari: Bokki sat í brunni
hafði blað í munni
hristi sína hringa,
bað fugl að syngja.

Lesari: Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi,
svo ég geti flogið
upp til himintungla.

Kór: Tunglið, tunglið, taktu mig,
og berðu mig upp til skýja,
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja.

Lesari: Þar sitja nunnur,
skafa gulltunnur.
Þar sitja systur
skafa gullkistur.

Lesari: Þar sitja sveinar,
skafa gullteina.
Það sitja Freyjur,
skafa gulltreyjur.

Lesari: Þar sitja mágar,
Skafa gulltágar.
Þar sitja prestar,
skafa gullfestar.

Kór: Þar sitja afar,
skafa gullnafar.
Þar situr hann faðir minn
og skefur gullhattinn sinn.

K A R T A F L A

(Allar skiptingar eru tillögur sem hver og einn kennari getur farið eftir en breytir eftir því sem hentar nemendahópnum. **KÓR** getur merkt tveir eða þrír lesarar eða allur hópurinn.)

Lesari: Það var einu sinni kartafla. Hún lá í poka innan um aðrar kartöflur. Á hverjum morgni kom konan í húsinu og náði í nokkrar kartöflur í matinn. En þessi kartafla varð alltaf eftir.

Lesari: Hún var miðlungs stór, hnöttótt og vel vaxin. Hún vildi ekki láta borða sig. Hana langaði til að verða kartöflumamma. Hinar kartöflurnar stríddu henni og sögðu:

Kór: Á morgun ferðu í pottinn eins og við.

Lesari: En einn dag kom Sigga litla. Hún mátti velja sér kartöflu í garðinn sinn. Hún leitaði vel í pokanum. Kartaflan hennar átti að vera hæfilega stór, hnöttótt og ekki skemmd.

Lesari: Þessi er falleg, sagði Sigga og tók kartöfluna, sem vildi verða kartöflumamma.

Kór: Nú var kartaflan montin. Hún var valin úr öllum hinum.

Lesari. Nú heitir þú útsæði, sagði Sigga við kartöfluna. Ég ætla að setja þig niður í garðinn minn og þú átt að verða kartöflumamma.

Lesari: Sigga ætlaði að hlaupa strax með kartöfluna út í garð og setja hana niður en mamma hennar sagði:

Kór: Þú verður að láta kartöfluna spíra fyrst.

Lesari: Pabbi átti útsæði í kassa. Hann var að láta það spíra. Sigga setti nú kartöfluna sína í kassann. Hún setti miða undir hana.

Kór: Á miðanum stóð: **Kartaflan hennar Siggú.**

- Lesari: Allar kartöflurnar í kassanum áttu að vera kartöflumömmur. Þær voru að bíða eftir að verða settar niður í garðinn. Þær gutu hornauga til nýju kartöflunnar. Hún var öðruvísi en þær. Út úr þeim uxu svolitlir angar. Það voru spírur. Nýja kartaflan hafði engar spírur.
- Kór: Sigga skoðaði kartöfluna sína á hverjum degi. Hún var að gæta að, hvort hún færi að spíra eins og hinar kartöflurnar.
- Lesari: Það var hlýtt í kassanum. Þess vegna fór kartaflan fljótt að spíra. Hinar kartöflurnar gutu ekki lengur til hennar hornauga. Hún varð eins og þær. Þær biðu allar eftir því að verða settar niður.
- Lesari: Pabbi Siggu átti stóran garð. Sigga átti lítinn garð í horninu á stóra garðinum.
- Kór: Einn dag um vorið fóru pabbi og Sigga að stinga upp garðana sína.
- Lesari: Sigga muldi moldarkögglana til þess að gera moldina fína og mjúka. Hún fékk líka áburð hjá pabba sínum. Jurtunum átti að líða vel í garðinum hennar. Hún ætlaði að rækta margar jurtir.
- Kór: Nú var garðurinn tilbúinn. Þá sótti Sigga kartöfluna.
- Lesari: Nú ætla ég að setja þig niður. Þú átt að eignast margar kartöflur, sagði Sigga við kartöfluna.
- Kór: Kartaflan var hreykin af því, að hún var tekin fyrst. Hinar biðu enn þá.
- Lesari: Sigga gerði holu með priki, svo lét hún kartöfluna niður í holuna og rakaði mold yfir hana. Og nú lá kartaflan þarna í mjúkri moldinni. Hún teygði úr spírunum sínum.
- Kór: Spíurnar sugu kartöflumömmuna og uxu og urðu að löngum jarðstönglum. Nú fóru að vaxa rætur út úr jarðstönglunum.
- Lesari: Ræturnar sugu næringu úr moldinni. Sumir stönglarnir teygðu sig upp úr moldinni. Fyrst gægðust þeir varlega upp í birtuna, en þegar þeir fundu ylinn frá sólinni, teygðu þeir úr sér, önduðu að sér hreina loftinu og létu sólina verma sig. Þeir urðu grænir og á þeim uxu græn blöð.

- Kór: Sigga sá grænu blöðin. Hún varð glöð. Það var komið upp í garðinum hennar.
- Lesari: Sigga sá líka önnur græn blöð. Það var arfi. Sigga reytti arfann. Hún vildi ekki láta hann sjúga næringu frá kartöflunni.
- Lesari: Kartöflujurtin stækkaði fljótt og var dugleg að vinna. Grænu blöðin unnu kolefni úr loftinu og bjuggu til mat úr því, en ræturnar sugu næringu úr moldinni. Hún vann svo mikið að hún gat safnað forða í jarðstönglana. Endar stönglanna þrútnuðu út og urðu að nýjum kartöflum.
- Kór: Sumarið leið. Það var komið fram í september. Sigga fór út í garðinn sinn.
- Lesari: Kartöflugrasið hafði fölnað. Sigga tók það upp. Í moldinni lágu margar stórar og fallegar kartöflur. Sigga tíndi þær upp. En ein var dökk og lin.
- Lesari: Það var kartöflumamma. Sigga lét hana vera. Hún hafði lokið sínu starfi. Nú mátti hún verða að mold. Sigga fór inn með kartöflurnar og gaf mömmu sinni þær í matinn.
- Kór: En hún geymdi eina meðalstóra, fallega kartöflu. Hún átti að verða kartöflumamma næsta vor.

Þjóðvísur (mætti skipta á 10 lesara en gætu líka verið færri)

Lesari 1: Litla Jörp með lipran fót
Lesari 2: labbar götu þvera
1: hún mun seinna á mannamót
2: mig í söðli bera.

Lesari 3: Stígur hún við stokkinn
Lesari 4: stuttan á hún sokkinn,
3: ljósan ber hún lokkinn,
4: litli telpuhnokkinn.

Lesari 5: Klappa saman lófunum
Lesari 6: reka féð úr móunum
5: tölta eftir tófunum
6: tína egg úr spóunum.

Lesari 7: Kindur jarma í kofunum
Lesari 8: kýrnar baula á básunum
7: hestar hneggja í högunum
8: hundar getla á bæjunum.

Lesari 9: Hani, krummi, hundur, svín,
Lesari 10: hestur mús, tittlingur;
9: galar, krunkar, geltir, hrín,
10: hneggjar, tístir, syngur.

Sagan af andamömmu og krókóðilsegginu

(Þessar skiptingar eru einungis fram settar sem hugmyndir. Kennari ákveður nánar hver les hvað og hvað textinn skiptist á marga. Gæti skipst á marga, gæti verið ákveðinn hópur og þá læsi hver og einn oft.)

- Lesari: Þetta er sagan um andamömmu og andapabba, sem áttu einu sinni heima á árbakka nokkrum úti í sveit. Páskarnir voru í nánd, sólin skein í heiði og fuglarnir sungu. Þetta var nú meiri dýrðardagurinn.
- Lesari: Ég er nú ekki vön að verpa eggjum um þetta leyti, sagði andamma við andapabba, en í ár langar mig til að eignast páskaunga. Hvernig líst þér á það?
- Lesari: Jú, jú, hugmyndin er góð, sagði andapabbi. En það koma ekki kjúklingar úr eggjunum þínum góða mín, heldur andarungar og þeir eru miklu fallegri, bætti hann við, því hverjum þykir sinn fugl fagur eins og þið vitið.
- Lesari: Ég ætla nú samt að reyna, sagði andamma og svo verpti hún einu egg.
- Kór: Páskarnir voru seint það árið svo að veðrið var hlýtt og notalegt á meðan andamma lá á egginu.
- Lesari: Ég ætla að unga út fallegasta páskaunga í heimi, sagði hún um leið og hæna nokkur gekk þar fram hjá.
- Lesari: Ætlar þú að unga út páskaunga? sagði hænann steinhissa. Það eru bara hænur sem gera það.
- Lesari: Við sjáum nú til, sagði andamma. Hún skellti saman nefinu og virti hænuna ekki viðlits meir.
- Lesari: Ég hef nú aldrei á ævi minni heyrt aðra eins ósvífni, sagði hænann um leið og hún vappaði burt. Skömmu seinna mætti hún ketti. Heyrðu köttur, sagði hún. Hún andamma liggur á egginu núna og segist ætla að unga út páskaunga. Hefurðu nokkurn tíma heyrt annað eins?

- Lesari: Nei, nú verð ég aldeilis orðlaus, sagði kötturinn og sleikti út um. Þetta verð ég að segja hundinum. Síðan hljóp hann að finna hundinn. Hefurðu heyrt nýjustu fréttirnar? hrópaði hann, þegar hann sá hundinn. Niðri við ána er önd, sem hefur verpt uglueggi og nú ætlar hún að unga út uglunga. Hvaða álit hefur þú á þessu?
- Lesari: Þetta er ótrúleg saga, sagði hundurinn, en ég trúi henni samt. Ég ætla að athuga hvort svínið hefur heyrt hana. Skömmu seinna hitti hann svínið sem var að velta sér upp úr forarpolli. Nú skal ég segja þér sögu, másaði hann, furðulega sögu. Niðri á árbakkanum er önd, sem hefur verpt strútseggi.
- Lesari: Nöff-nöff, sagði svínið skelkað. Nú gengur alveg fram af mér. Eitt er alveg víst að hænur eiga að verpa hænueggjum, endur eiga að verpa andareggjum, uglurnar uglueggjum og strútamömmur strútseggjum. Þetta er stórhneyksli. Ég verð að flýta mér.
- Kór: Og svo hljóp svínið eins og fætur toguðu alveg inn í fjós þar sem kýrin stóð á básnum og jórtraði.
- Lesari: Kýr, kýr, frú kýr, hrópaði svínið. Nú skal ég segja þér nýjustu fréttir. Það liggur önd niðri á árbakkanum og hefur verpt skjaldbökueggi. Hugsaðu þér skjaldbökueggi og það í betri hluta dalsins. Þetta er hneyksli.
- Lesari: Ég er nú svo aldeilis hissa, sagði kýrin. Þetta verð ég að segja nautinu. Það skeður svo lítið hér í fjósinu, sem vert er að tala um. Þakka þér fyrir heimsóknina, kæra svín.
- Lesari: Heyrðir þú þetta góði minn, kallaði hún til nautsins, sem stóð á næsta bás.
- Lesari: Nei, sagði nautið, ég heyri svo illa.
- Lesari: Jú, nú skaltu fá að heyra, sagði kýrin. Það liggur önd niðri á árbakkanum og hefur verpt krókódílseggi. Hefurðu nokkurn tíma heyrt hræðilegra? Nú fáum við krókódíla í héraðið.
- Lesari: Mér finnst það bara skemmtilegt, sagði nautið. Það er alltaf svo leiðinlegt herna. Það gerist aldrei neitt. Hugsa sér krókódíll. Ég skal svei mér fara og heilsa honum um leið og ég slepp út úr fjósinu.

- Kór: Dagarnir liðu. Andamamma lá á egginu sínu. Stundum fékk hún sér sundsprett á ánni til þess að fá sér eitthvað í gogginn.
- Lesari: En á meðan flaug sagan um krókódílsegggið um allt héraðið. Allir voru dauðhræddir og þorðu ekki að nálgast hreiðrið. Hugsa sér ef krókódíllinn skriði allt í einu úr egginu.
- Lesari: Hænan var orðin trufluð á geðsmunum af hræðslu. Hún gagnaði í sífellu og sagði öllum sem heyra vildu frá þessum hræðilega krókódíl, sem bráðum kæmi úr egginu hennar andamömmu.
- Lesari: Við verðum að flytja úr landi, sagði haninn æstur. Við getum ekki átt neitt á hættu. Kródódílar eru stórhættulegir og éta allt, sérstaklega **hana**. Sú eina sem ekkert hafði heyrt var andamamma.
- Lesari: Hænan gætti þess vel, að koma ekki nálægt hreiðrinu af því að hún var viss um að andamamma lægi á kródódílseggi. Það hafði hún sjálf heyrt úr mörgum áttum.
- Lesari: Sólin skein og fuglarnir sungu. Þeir hlógu líka dálítið að öllum sögunum um egggið hennar andamömmu af því að þeir höfðu oft verið í heitu löndunum og séð alvöru krókódílsegg og þau voru allt öðruvísi.
- Kór: Og einn góðan veðurdag brast egggið og lítill fallegur andarungi stakk nefinu út.
- Lesari: Ó, sjáðu hvað hann er fallegur, hrópaði andamamma til andapabba.
- Kór: Svo dáðust þau að litla hnoðranum sínum. Andapabbi hljóp til hænunnar.
- Lesari: Langar þig til að sjá litla andarungann okkar, sagði hann.
- Lesari: Andarungann, sagði hænan undrandi, en hvar er þá krókódíllinn?
- Lesari: Þú getur sjálf verið krókódíll, sagði andapabbi, komdu bara og sjáðu.
- Kór: Og hænan trúði varla sínum eigin augum, þegar hún sá litla ungann.
- Lesari: Þetta er stórmerkilegt, sagði hún. Ég verð að segja hananum frá þessu.

Lesari: Svo hljóp hún af stað og sagði hananum og haninn sagði kettinum, kötturinn sagði hundinum, hundurinn sagði svíninu og svínið sagði kúnni og kýrin sagði nautinu.

Lesari: Var þetta bara andarungi? sagði boli. Það var leiðinlegt. Ég var búinn að hlakka til að hitta alvöru krókódíl. Jæja, það verður að hafa það. Andarungi er líka alveg eins góður, þegar öllu er á botninn hvolft.

Kór: Síðan héldu öll dýrin í heimsókn til andmömmu og andapabba og enginn minntist frammar á krókódíl og krókódílsegg.

(Gyða Ragnarsdóttir þýddi úr norsku)

Sköpunarsaga (Stefán Jónsson) (Kór merkir ekki ákveðinn fjölda)

Lesari: Hún amma mín, konan hans afa
er ekki á frásagnir spör,
ef verð ég um eitthvað í vafa,
hún veitir mér fullkomin svör.

Kór: Og enginn er til nema amma
sem eins kann á hlutunum skil,
hún man, sko, allt betur en mamma,
hún man, hvernig við urðum til.

Lesari: Um garð sinn var afi að ganga
einn góðviðrisdag, er hann fann
þar örlítinn stúlkubarns anga
hjá engli, sem gaf honum hann.

Kór: Og afi var fljótur á fæti
og fund sinn til ömmu hann bar,
og þá varð nú þokkaleg kæti,
því þetta hún mamma mín var.

- Lesari: Hún stækkaði og ólst upp hjá ömmu og afa, svo prúð og svo hljóð. og afí og amma við mömmu voru auðvitað dæmalaust góð.
- Kór: Einn dag var hún lengi úti á labbi um ljómandi og sólgullinn stíg, þá rakst hún á pilt. Það var pabbi. Og pabbi minn gaf henni sig.
- Lesari: Þau gengu þar suður að sjónum, þá sagði hann pabbi minn hátt: ég vil, að við verðum að hjónum í vor, ef þú getur og mátt.
- Kór: Hún svaraði: - Yndið mitt eina, við ættum að byggja okkur hús. - Það finnst mér. Það vil ég reyna, til þess er ég, sagði hann, fús.
- Lesari: Um loftsalinn ljómandi bláa barst logandi sólgeislaflóð, og guð uppi á himninum háa hann horfði á, hve þau voru góð.
- Kór: Og svo meðal gjafanna góðu, er giftingardagurinn var hann laumaði lítilli skjóðu og lét þau svo finna hana þar.
- Lesari: Þau opnaðu skjóðuna í skyndi, en skjóðan var alls ekki tóm, því í henni var þeirra yndi og einna helst svolítið blóm.
- Kór: Og hamingjan hámarki náði, en hún var mjög einkennileg, því að blómið var bláeygður snáði, sem brosti. - Og það var , sko, ég.

Lesari: Ég um það er alls ekki í vafa,
að átt hefur þetta sér stað,
því að amma mín, konan hans afa,
er alltaf að segja mér það.

Kór: Ég engan svo orðvaran þekki
sem ömmu, og þess vegna skil,
að amma mín skrökvar því ekki,
að ég yrði á þennan hátt til.

ORÐ (eftir Þórarin Eldjárn)

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við lesari, einn eða fleiri)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(kórinn stækkar)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(kórinn stækkar)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(kórinn stækkar)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(kórinn stækkar)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI

Kurteisi (Kristján Hreinsson)

Ef er ég í einhverjum vafa
og erfið mér kurteisinn finnst
þá vil ég í hávegum hafa
þá hugsun sem kostar mig minnst.

Ég sé það ef hógværð ég safna
að samviskan er ekki blind
og hugsun mín hlýtur að dafna
í háttvísri birtingarmynd.

Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
þá frábært ég jafnan það tel,
að kurteisi kostar svo lítið
en kemur sér alstaðar vel.

Glaðlyndi (Kristján Hreinsson)

Alltaf þegar kempur kljást
þá kostar gleðin tíma
en eftir tap mun sigur sjást
sem sólarinnar skíma.

Öll gremja fer á gleðistund,
þá gleymist líka tapið
því þeir sem hafa léttu lund
léttu hinum skapið.

Því skaltu láta glaðlegt geð
grátstafina lina
og helst þú átt að hlæja með
í hópi góðra vina.

Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Þá er öllum lokahátíðum Litlu upplestrarkeppninnar lokið og ég hef verið svo lánsöm að geta verið viðstödd margar hátíðir. Mér telst til að það hafi verið 14 hátíðir í Hafnarfirði þetta vorið en keppnin er einmitt fimm ára um þessar mundir. Litla upplestrarkeppnin er nú haldin í 60 skólum víðs vegar um landið og alls staðar er mikil ánægja með verkefnið.

Nú líður að lokafundi hjá okkur um Litlu upplestrarkeppnina. Ég legg til að við höldum fundinn **þriðjudaginn 26. maí kl. 14:30 hér á Skólaskrifstofunni**. Ég bið ykkur að skrá dagsetninguna hjá ykkur. Á fundinum munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulögðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Mér þætti gott að fá þetta frá ykkur eigi síðar en **15. maí** svo ég geti unnið úr því fyrir fundinn. Gott væri að í greinargerðinni væru eftirtalin atriði:

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?
9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?

12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.
14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?
17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Samantekt úr greinargerðum

allra kennara sem tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni skólaárið 2014 – 2015.

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.

Sagt var frá áttakinu í nóvember í fréttabréfi til foreldra og eftir því sem á leið fengu foreldrar meiri upplýsingar um keppnina og undirbúning í vikulegu fréttabréfi árgangsins. Við byrjuðum frekar rólega þar sem við höfum frá því í 1. bekk æft nemendur í að koma fram og lesa eða flytja efni. Hins vegar var enn meiri áhersla á að nemendur æfðu sig vel heima. Hefðbundið upphaf og heimsóknir í leikskóla í tengslum við dag ísl. tungu. Áætlunin miðaðist við að lesa upp ljóð á hverjum degi og kórinn æfður þannig. Nemendur í 4. og 7. bekk hittust nokkra föstudaga og lásu nemendur saman tveir og tveir og gekk alveg ágætlega. Æfðar mismunandi áherslur og blæbrigði og annað sem við höfðum lært á fræðslufundinum. Notuðum mikið lesefni fyrri ára. Allir lærðu Grýlukvæði Jóhannesar úr Kötlum og fluttu á sviði á jólaskemmtun. Hefðubundinn morgunlestur hélt áfram þar sem hver og einn las í sinni bók. Allan veturinn lásu nemendur upphátt fyrir kennarann að lágmarki þrisvar í viku. Nemendur sömdu sögur og önnur ritverk og lásu fyrir bekkinn. Nemendur komu iðulega upp í ræðupúlt sem er í stofunni og fluttu texta og ljóð. Allur árgangurinn las jólasveinavísur Jóh. Úr Kötlum á jólaskemmtun. Sendum vikulega fréttir til foreldra um hvað væri verið að þjálfa á þessu tímabili. Mikil áhersla lögð á framsögn og tjáningu jafnt í lestarkennslu sem öðru námsefni. Tókum smá hlé í janúar en héldum síðan áfram af miklum krafti. Æfðu upplestur á ljóðum um fjöll og fluttu nemendur frumsaminn texta úr ræðupúlti um “Fjallið mitt” og sami háttur var hafður með flutning á frumsömdum sögum um dauga og álfa.

2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.

Lögð var mikil áhersla á að upplýsa foreldra vel, út á hvað verkefnið gengi, hvað fælist í hugtakinu “keppni” og við sendum líka heim Boðorðin 7 til að foreldrar hefðu alveg á hreinu hvað við værum að kenna í framsögn og tjáningu.

Kynningarbréf í upphafi. Lögð mikil áhersla á þátt foreldra í þessu verkefni. Foreldrar tóku þessu afar vel.

Samstarfið við heimilin byrjaði ekki fyrr en eftir áramót þegar við báðum sérstaklega um að foreldrar aðstoðuðu börnin heima. Þetta gekk ágætlega hjá flestum.

Nemendur fóru með sérstaka texta heim til æfinga og óskað var eftir samvinnu.

Nemendur fengu með sér ákveðna texta heim á mánudegi sem síðan voru fluttir á föstudegi, gjarnan í talkórum þegar líða tók á tímabilið.

3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?

Textarnir sem nemendur æfðu sig á auka fjölbreytni í lestrarefni fyrir nemendur.

Nemendur eru með yndislestur tvo daga í viku. Þeir lærðu rím og bragfræði og unnu verkefni tengd því í ljóðahefti. Nemendur fóru heim með fullt af stuttum vísum sem síðan voru fluttar. Við notuðum Ipad til að taka upp lesturinn og sýndum svo nemendum á skjávarpa. Verkefnið féll algerlega að lestrarkennslunni hjá okkur en við fundum aðeins fyrir meira álagi þegar nær dró lokahátíð. Það gekk mjög vel að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu m.a. með samlestri í bókum í kennslustofunni, upplestri á ljóðum og frumsömdum sögum. Einnig á ýmsum samkomum í skólanum. Tókst vel í samlestri í íslensku og samfélagsgreinum.

Nemendur hafa lesið upphátt fyrir kennarann á hverjum degi í nær allan vetur. Það hefur án efa haft áhrif á frammistöðu nemenda.

Aukin áhersla á skýra framsögn.

Við notuðum að meðaltali einn til tvo tíma á viku til þess að æfa okkur í skólanum og gekk það mjög vel.

Gekk mjög vel að flétta verkefnið inn í lestrarnámið og gerði þetta allt skemmtilegra.

4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?

Töluverður styrkur sérstaklega með tilliti til framsagnar og áhuga á ljóðum sem spratt upp í kjölfar verkefnisins. Þetta var mikill styrkur fyrir allan hópinn, góð æfing á upplestri og að koma fram fyrir framan áheyrendur.

Þetta verkefni er í okkar huga styrkur fyrir lestrarkennsluna. Okkur fannst verulegur styrkur í þessu verkefni og þau börn sem eiga í erfiðleikum með lesturinn tóku framförum í upplestri og sýndu öryggi í framkomu.

Styrkur, sérstaklega í framsögn og framkomu.

Verkefnið styrkti nemendur og þeir voru mjög áhugasamir og kappsfullir.

Nemendum fannst þetta skemmtilegt og hefðu viljað hafa það lengur.

Hvetjandi og skemmtilegt.

Það var styrkur í verkefninu og það truflaði ekki lestrarkennsluna.

Við vorum með talkór á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hásölum 13. mars sem var bæði hvetjandi og gaman fyrir nemendur.

Öll þjálfun styður við lestrarkennsluna, gott að fá góða texta.

5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?

Verkefnið stóð í hæfilega langan tíma. Tímabilið var nokkuð gott, það er helst að ná að byrja undirbúning strax í nóvember. Fór hægt af stað en jókst eftir því sem á leið.

Verkefnið hefði mátt standa yfir í styttri tíma en hæfilegt að byrja í nóvember og hætta í lok mars. Lokafundur kennara ætti að vera í apríl en ekki í maí.

Að okkar mati var þetta hæfilegur tími. Nemendum fannst þetta of stuttur tími.

Hæfilegur tími og vel við hæfi að byrja á degi ísl. tungu.

6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?

Foreldrum var boðið tímanlega á hátíðina. Sagt frá hátíðinni í vikubréfi til foreldra.

Síðan útbjuggu nemendur boðskort til foreldra og jafnvel afa og ömmu.

Aðstandendum sent formlegt boð og svo var kaffi á eftir sem hefur sennilega ýtt undir mætingu. Póstur sendur heim og einnig notuð fésbókarsíða bekkjanna.

Foreldrar, nemendur í 3. bekk, og skólastjórar fengu boðskort.

Mjög gott að bjóða nemendum í 3. bekk, þeir vita þá út á hvað verkefnið gengur.

Gott innlegg í undirbúninginn að bjóða 3. bekk á hátíðina en þá þarf hún að vera í sal.

7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?

Foreldrar/forráðamenn, systkini, afar og ömmur og nemendur í þriðja bekk. Stjórnendur skólans, nemendur í þriðja bekk og kennarar þeirra, sérkennari, Ingibjörg af Skólaskrifstofu. Við höldum lokaæfingu á sal fyrir 3. bekk. Þá voru kynnar og allt efnið var lesið upp eins og um hátíð væri að ræða. Einnig tónlistaratriðin. Það reyndist mikill styrkur af því að halda lokaæfingu. En svo mættu afar og ömmur, foreldrar og systkini á hátíðina sjálfa.

Við vorum sammála um að hafa ekki of marga áhorfendur til að minnka kvíða og spennu.

Okkur fannst kostur að hafa ekki marga og eingöngu þá sem börnin geta treyst.

Við teljum alveg nauðsynlegt að börnin læri að koma fram fyrir framan bæði nemendur og fullorðið fólk.

Okkur fannst nemendur græða á því að lesa upp fyrir fullorðið fólk.

Ákveðið að bjóða ekki nemendum í 3. bekk þetta árið sökum plássleysis í stofunni.

8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?

Hátíðin var haldin inni í hátíðarsal skólans (matsal.) Allar árgangurinn var saman með hátíð. Við höldum hátíðina í sal, skreyttum með fána skólans og íslenska fánanum.

Áhorfendur sátu í röðum fyrir framan sviðið.

Hátíðin var haldin í heimastofu bekkjarins og því ekki notað hljóðkerfi.

Haldin í sal skólans og að sjálfsögðu voru nemendur á alvöru sviði.

Í sal skólans, tveir stórir hópar.

9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?

Nemendur notuðu hljóðnema, okkur fannst það nauðsynlegt því salurinn er stór.

Hljóðkerfið eingöngu notað af kynnum eða í einstökum ljóðum.

Við sáum ekki ástæðu til að nota hljóðkerfið enda voru börnin þjálfuð í að lesa hátt og skýrt. Notuðum hljóðkerfi nema í lokaatriðinu þar sem allir lásu saman.

Hóparnir stóðu í röð og lásu upp án hljóðkerfis. Við fórum þá leið vegna þess hvað það var mikið um skiptingar og kórlestur í verkefnunum. Vorum ánægðar með þessa tilhögun. Ekki notað hljóðkerfi en hefði verið þörf á því.

10. Var notað púlt á lokahátíðinni?

Púlt var notað og fannst okkur það nauðsynlegt. Nei, uppröðun var þannig að ekki þurfti að styðjast við púltið. Púlt var notað allan undirbúningstímann og að sjálfsgöðu á hátíðinni sjálfri. Hvorki notað hljóðkerfi né púlt.

11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?

Deildarstjóri setti hátíðina og var kynnir. Á báðum hátíðum sáu nemendur um alla kynningu, bæði að segja frá verkefninu í heild og að kynna atriðin.

Nemendur kynntu og héldu utan um dagskrána.

Deildarstjóri sá um kynningar. Tveir nemendur, drengur og stúlka.

Einn nemandi var aðalkynnir en svo kynntu nemendur sjálfir sín atriði.

Aðstoðarskólalastjóri sá um að kynna verkefnið og svo atriðin.

Skólalastjóri setti hátíðina en svo sáu nemendur um að kynna atriðin.

12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?

Okkur fannst mjög gaman og gagnlegt að nota talkórinn og notuðum ýmis afbrigði af honum. Ýmist voru tveir og tveir nemendur eða fleiri og stundum stækkaði kórinn jafnt og þétt og það kom mjög flott út.

Allar útgáfur, allir saman, minni hópar, pör og svo kynjaskipt.

Mjög gott að nota talkórinn með nemendum sem eiga í lestrarvanda. Afskaplega skemmtilegt form til að nota í vinnu með nemendum og höfum við nýtt hann mikið í vetur, bæði í tengslum við þetta verkefni og einnig í annarri vinnu svo sem í vinnu með margföldunartöfluna, en sérstaklega í ljóðavinnu.

Það gekk vel, í fyrstu var það frekar erfitt en með góðri æfingu gekk það betur, Við þurftum líka sjálfar að læra að nota hann og sjáum núna að hann er frábært kennsluform. Munum nýta hann enn frekar í kennslu.

Nemendum þótti talkórinn mjög skemmtilegt lestrarform.

Öll afbrigði notuð og gekk stöðugt betur eftir því sem á leið veturinn.

Skemmtilegt innlegg í kennsluna og einstaklega gaman á hátíðinni að nota hann.

Notuðum talkórinn oft eins og keðjusöng, gekk mjög vel.

Notaði hann mikið, oft byrjað á einum og svo næsti og að lokum allir.

Talkórinn gerði mikla lukku. Notuðum hann mikið allan tímann. Einnig prófuðum við að kynskipta talkórnum og það kom mjög vel út.

13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.

Við fylgdum dagskránni að mestu leyti. Á báðum hátíðunum bættum við nokkrum vísum við svo allir nemendur fengju tækifæri til að lesa lengri texta. Upplestur og tónlistaratriði tóku tæpa klukkustund.

Við fylgdum dagskránni alveg og tímalengdin var um 50 mínútur. Einnig voru tvö til þrjú tónlistaratriði hjá báðum bekkjum.

Já, að öllu leyti. Mjög gott að fá skipulagið, það auðveldar allan undirbúning.

Við fylgdum dagskránni en löguðum hana aðeins að bekkjunum þar sem þeir voru misstórir.

Dagskránni var alveg fylgt og reyndist hún góður stuðningur. Hátíðin hjá okkur stóð í 40 mínútur sem við teljum hæfilegt. Síðan samverustund með foreldrum.

Dagskránni algerlega fylgt og gott að fá þetta svona upp í hendurnar.

14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?

Á annarri hátíðinni slepptum við þulunni og á hinni var sköpunarsagan ekki lesin.

Okkur fannst leskaflarnir helst til langir og textinn Kartaflan er í þyngri kantinum fyrir þennan aldur. Við slepptum engu, hæfilega þungt og langt.

Við slepptum bara síðasta ljóðinu.

Annar bekkurinn slepti ljóðum Kristjáns og hinn sögunni um kartöfluna en það var vegna fámennis.

15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?

Já, gestalesarar komu úr 7. bekk og fluttu ljóð.

Á annarri hátíðinni var gestalesari úr 7. bekk. Gestalesarinn stóð sig afar vel og kom vel undirbúinn sem er mikilvægt.

Við fengum gestalesara úr 7. bekk sem lenti í öðru sæti í keppninni.

Orðin hefð að fá fulltrúa skólans í Stóru upplestrarkeppninni til að koma á Litlu upplestrarkeppnina.

16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?

Þetta gekk allt upp, hvorki of létt né of þungt.

Lesefnið hæfilega þungt, við skiptum því niður eftir því hvar börnin voru stödd í lestrinum, allir fengu lesefni við hæfi.

Okkur fannst leskaflarnir vera helst til langir og textinn Kartaflan er í þyngri kantinum fyrir þennan aldur.

Þetta var hæfilegt, sumt reyndi meira á nemendur en annað sem er gott.

Hæfilegt. Hentaði mjög vel.

Lesefnið mjög hæfilegt og skemmtilegt. Nemendur réðu vel við textann.

Við vorum mjög ánægðar með dagskrána og verkefni. Ekkert var of létt.

Þyngd lesefnis var góð í ár.

17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?

Fundirnir voru mjög gagnlegir að okkar mati. Við missstum reyndar af fundinum í október en deildarstjórinn okkar mætti. Það er gott að hittast og heyra hvernig hinir skólarnir eru að útfæra æfingar og svo hátíðina sjálfa.

Báðir fundirnir mjög gagnlegir og lærdómsríkt að hitta aðra kennara sem eru að vinna að sama verkefni. Komumst því miður ekki á janúarfundinn en gott að fá senda dagskrá og verkefnin. Já, þeir voru upplýsandi og fræðandi. Sérstaklega var áhugavert að heyra hvað aðrir kennarar eru að gera. Gott að fá hugmyndir og gaman að segja frá því sem við erum að gera.

18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?

Það var gagnlegt að koma á fundi í október og janúar og hitta aðra kennara og heyra mismunandi hugmyndir og koma sér af stað.

Góð kynning fyrir þá sem ekki þekkja keppnina og góð upprifjun fyrir þá sem hafa gert þetta áður. Ekki kannski lengra námskeið en fundir sem þessir nauðsynlegir.

Alltaf gaman að hitta aðra kennara úr sama árgangi og spjalla um starfið. En þar sem við höfum báðar tekið þátt í þessu verkefni áður og báðar með kennslureynslu í yfir 20 ár þá var fátt nýtt sem kom fram á þessum fundum sem studdi við okkar vinnu tengt keppninni sjálfri. Skipulagsdagar óhentugir fyrir slíka fundi og líka dagar fyrir foreldrafundi.

Mér fannst frábært að hafa bæði fund í október og í janúar, ekki þörf á lengra námskeiði.

Alveg hæfilegt að okkar mati. Passlegt að mínu mati.

Gott að hafa þennan fund á skipulagsdegi og svona í lok maí.

Nei, ekki hvað okkur við kemur en þessir fundir eru alveg nauðsynlegir og allt mjög skýrt framsett. Ég vildi bara að ég hefði lært að nota talkórinn fyrr á mínum kennsluferli.

19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?

Við teljum Litlu upplestrarkeppnina frábært framtak og hvetjandi verkefni sem er komið til að vera. Okkur finnst verkefnið skemmtilegt í 4. bekk og það virðist hafa fest sig í sessi í skólum bæjarins sem er ljómandi gott.

Ekki spurning, mjög verðugt verkefni. Já, mjög skemmtilegt verkefni.

Alveg tvímælaust. Við erum ánægðar með þetta verkefni og vissulega góð viðbót við lestrarkennsluna og teljum hana vera komna til að vera. Mætti gefa pláss í skólanámskrá. Núna finnst manni hálf í hvoru að maður sé að vanrækja önnur fög fyrir þetta annars góða verkefni.

Nauðsynlegt til að kveikja upplestrarneistann í nemendum. Heilmikil vinna að undirbúa lokahátíð en vel þess virði, allir glaðir og ánægðir með sitt lið. Þvílíkar framfarir.

Ekki spurning um að hún er komin til að vera.

Þetta er verðugt verkefni sem á fullan rétt á sér. Það skapar fjölbreytni og hnykkir á atriðum sem eru mjög mikilvæg eins og t.d. "boðorðunum 7".

Okkur finnst 4. bekkur kjörinn aldur fyrir þetta verkefni. Á þeim aldri eru flestir nemendur búnir að ná ágætum lestrarhraða og móttækilegir fyrir kennslu í blæbrigðalestri. Keppnin ýtir undir áhuga og vekur athygli á þeim hluta lestrarnámsins.

20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

Við og nemendur okkar höfðum bæði gagn og gaman af undirbúningi og framkvæmd Litlu upplestrarkeppninnar. Við finnum hve börnin hafa eflst í lestri og framkomu eftir þessa góðu þjálfun. Þetta gekk framur vonum og þegar upp er staðið þá var þetta verkefni bæði þroskandi og skemmtilegt. Margir tóku miklum framförum og ekki síst í að læra að koma fram. Ég fór að nota talkórinn við fleiri tækifæri og við kennslu í fleiri greinum.

Ánægjulegt að fá fulltrúa Skólaskrifstofunnar til að afhenda viðurkenningarskjölin.

Börnin læra svo margt af þessu verkefni m.a. að koma fram af reisu, hneigja sig að lokinni hátíð og að læra að haga sér við slíkar athafnir er og verður þeim lærdómur sem

seint gleymist. Mikilvægt að geta hælt öllum fyrir að standa sig vel og allir fái viðurkenningarskjal. Hér er lögð áhersla á að allir séu sigurvegarar. Foreldrar hafa látið í ljósi mikla ánægju með verkefnið.